

Sýnishorn af skimunarlista fyrir raunfærnimat í leikskólakennarafræði

Námskeiðið - Tónlist í lífi ungra barna

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísbending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Leikskólakennarar þurfa að geta unnið sjálfstætt og skipulega. Forsendur fyrir raunfærnimati eru að þú hafir öðlast talsverða færni og þekkingu í faginu og haft ábyrgð í starfi. Því eru sett lágmark um 25 ára lífaldur og 3 ára samfellda starfsreynsla í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

1	Lítill sem engin þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni
5	Mjög mikil þekking /færni og ábyrgð í starfi

Hæfniviðmiðum er skipt í flokka og skalinn hér fyrir ofan notaður. Neðst í hverjum flokki er kassi þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út þína hæfni. Endilega notaðu þá.

Nafn	
Lífaldur	
Starfsaldur í grein / ár	

Tónlist í lífi ungra barna	1	2	3	4	5
Ég get útskýrt í hverju tónlistarþroski barna felst og rætt um þýðingu tónlistar fyrir uppeldi barna.					
Ég hef góða yfirsýn yfir það efni sem til er á Íslandi fyrir tónlistariðkun í leikskóla og veit hvernig ég get fundið erlent efni og staðfært eftir þörfum.					
Ég þekki allt að 10 ólíkar aðferðir til þess að vinna með tónlist með börnum í leikskóla og get tekið dæmi um ólíkar tónlistaraðferðir og útskýrt þær.					
Ég veit hvers vegna söngur er afar mikilvægur ungum börnum.					
Ég veit að vel uppbyggð tónlistarstund skiptir miklu máli fyrir tónlistarstarf í leikskóla.					
Annað sem þú vilt bæta við:					